

Fundargerð stjórna foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar

Mánudaginn 14. Janúar 2019, kl. 18:10, á Siglufirði

Mættar voru: Diljá Helgadóttir, formaður, Berglind Hrönn Hlynsdóttir, Katrín Sif Andersen, Björk Óladóttir, Katrín Freysdóttir, ritari.

1. Stjórn foreldrafélagsins leitaði til Slysavarnarfélaganna í Fjallabyggð, eftir styrkjum til að kaupa endurskinshúfur, fyrir nemendur grunnskólans. Foreldrafélagið hefur fengið styrk frá Slysavarnarfélaginu Vörn, á Siglufirði, að fjárhæð kr. 50.000. Búið er að panta húfurnar og var það gert í gegnum Kjörbúðina á Ólafsfirði. Húfurnar eru ókomnar, ef koma þeirra dregst mikið lengur er stefnt á að afhenda húfurnar þegar skólastarf hefst aftur næsta haust.
2. Umræður sköpuðust um ný afstaðin fund með fræðslunefnd Fjallabyggðar, þar sem aðkoma Tröppu um samþættingu fræðslustefnu Fjallabyggðar við námskrá og stefnu Grunnskóla Fjallabyggðar var kynnt.
3. Foreldrafélagið fékk styrk frá Fjallabyggð, að fjárhæð kr. 200.000, vegna forvarnarfræðslu. Formaður ætlar að ganga frá móttöku styrksins.
4. Fræðslufundur foreldrafélagsins verður þann 6. febrúar n.k. Þá mun Sigga Dögg koma með fyrirlestur. Fundurinn verður í Tjarnaborg. Ákveðið var að nefndarmenn myndu fara að leita að efni fyrir fræðslufund næsta árs.
5. Önnur mál:
 - a. Fundir hjá fræðslunefnd Fjallabyggðar. Ákveðið var að stjórnarmeðlimir skiptu með sér fundarsetu á þessum fundum, eftir bæjarkjörnum. Þ.e. stjórnarmenn búsettir í Ólafsfirði, sitja fundi sem eru þar og stjórnarmenn á Siglufirði sitja fundi sem eru þar.
 - b. Umræða varð um framkvæmd litlu jóla. Stjórnin var sammála um að hugsanlega væri komin tími til að minnka sykurneyslu á litlu jólum. Ákveðið var að ræða um litlu jól og jólaföndur á næsta fundi, við skólastjóra.
 - c. Hugmynd kom um að setja upp hugmyndakassa, í bæði skólahúsin, frá stjórn foreldrafélagsins. Þá gætu nemendur, kennarar og starfsfólk, komið hugmyndum til stjórnarinnar á auðveldan hátt. Ákveðið var að ræða þetta betur á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 18:45

Katrín Freysdóttir, ritari